

Umhverfis og samgöngunefnd

Alþingi

Sent á umsagnargátt Alþingis

Reykjavík 1. apríl 2025

Raforkulög og stjórn vatnamála (flýtimeðferð og breyting á vatnshloti) (Mál 89)

Landvernd hefur kynnt sér frumvarp um breytingar á lögum um 89 mál, Raforkulög og stjórn vatnamála. Að lestri loknum er niðurstaða Landverndar óbreytt og alveg skýr. Samtökin telja áfram óviðunandi að stjórnvöld stytti sér leið fram hjá dómstólum, svo hægt sé að halda áfram með framkvæmdir sem Héraðsdómur hefur dæmt ólögmætar.

Landvernd áréttar að eina forsvaranlega niðurstaðan vegna óvissunnar sem upp er komin vegna framkvæmda við Hvammsvirkjun sé að taka frumvarpið aftur og hefja víðtækt samráð við alla hagaðila um hugsanlegar breytingar á lagaákvæðum um virkjunarframkvæmdir, vatnalög, náttúruvernd og almannarétt samkvæmt Árósasamningnum. Slíkt samráð þarf að vera vandað og ítarlegt og ekki má vinna undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum sem liggur á. Og hefur lengi legið svo mikið á að það hefur bitnað á eðlilegum undirbúningi, eins og að taka tillit til vatnatilskipunar, þar sem þrýst var á að gefa tvisvar út leyfi sem ekki stóðst.

Nokkur náttúruverndarsamtök hafa ritað ráðherra bréf til að vekja athygli á órökréttri notkun á hugtakinu bráðabirgðaleyfi í minnisblaði ráðuneytisins til umhverfis og samgöngunefndar frá því 19. mars. Þar er að finna notkun á hugtakinu bráðabirgðaleyfi, sem gengur ekki upp, en öllum má ljóst vera að 95 MW virkjun verður ekki byggð til bráðabirgða, því framkvæmdin er óafturkræf, varanleg og veldur miklu tjóni.

Orðalagið „í sérstökum undantekningartilvikum, þegar brýn þörf er á að hefja eða halda áfram starfsemi vegna virkjunarframkvæmda skv. 4. gr., að veita rekstraraðila bráðabirgðaheimild að hans beiðni“ býður upp á geðþóttaákvæðanir þar sem aðeins er með óljósum hætti gerð grein fyrir hinum sérstöku undantekningarákvæðum, og hin „brýna þörf“ hvergi skýrð.

Sífelld er tekið fram að frumvarpið sé ekki sérlög vegna Hvammsvirkjunar. Engu að síður er það beint inngrip í virkjun Þjórsár meðan beðið er dóms Hæstaréttar, þótt stjórnvöld segi það ekki vera inngrip í feril dómsmálsins. Tjónþolar virkjunarinnar upplifa frumvarpið sem beint inngrip í framkvæmd sem ekki þeir vilja stöðva en ekki tefja. Margsinnis hefur verið bent á af hálfu stjórnvalda og Landsvirkjunar að miklir fjárhagsmunir séu í húfi fyrir Landsvirkjun tefjist virkjunin frekar en orðið er. Orkugeirinn hefur haldið því fram að erfiðu og seinlegu ferli sé um að kenna að undirbúningur Hvammsvirkjunar í byggð við Þjórsá hefur tekið á þriðja áratug. Landvernd telur slíka



röksemdafærslu gera lítið úr þeirri staðreynd að þungar málefnalegar umhverfisástæður eru fyrir því að leyfi til að byggja þessa virkjun hefur ekki fengist, þótt langt sé um liðið frá því undirbúningur að hófst. Að almannahagsmunir krefjast þessarar tilteknu virkjunar hefur ekki verið staðfest, en tjón sem varðar hagsmuni umhverfisins, lífríkisins og samfélagsins við Þjórsá hefur verið staðfest.

Áfram telur Landvernd að frumvarpið sé varhugavert fordæmi fyrir ágangi gagnvart umhverfinu almennt og vatnsauðlindum Íslendinga. Þá vegi það að rétti almennings til þátttöku í lýðræðislegri umræðu um stórframkvæmdir og nýtingu vatns. Umhverfis orku og loftslagsráðherra hefur nú ákveðið að skipa **samráðsvettvang um vinnu vegna endurskoðunar laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011.**

Umhverfis- og náttúruverndarsamtökum gefst kostur á þátttöku í þeim Samráðsvettvangi og því ber að fagna, verði vel unnið og ekki undir þrýstingi vegna einstakra framkvæmda. Hvað Hvammsvirkjun varðar er svo grundvallaratriði að bíða Hæstaréttar.

Með vinsemd og virðingu

*Þorgerður M Þorbjarnardóttir
Formaður*